

Selfossi, 31. maí 2002

## **93. stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands, haldinn föstudaginn 31. maí 2002, kl. 13:00 að Austurvegi 56 Selfossi.**

**Mættir:** Karl Björnsson, Ágúst Ingi Ólafsson og Þorvarður Hjaltason, framkvæmdastjóri.  
Auk þess mætti á fundinn Óskar Sigurðsson, lögmaður.  
Sesselja Jónsdóttir og varamenn boðuðu forföll.

### **Dagskrá:**

- 1. Bréf frá Sveitarfélaginu Ölfusi, dags. 22. maí 2002, varðandi deiliskipulag á sorpurðunarsvæðinu í Kirkjuferjuháleigu, þar sem krafist er að farið sé að deiliskipulagi skv. túlkun sveitarfélagsins.**

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

*“ Stjórn Sorpstöðvarinnar gerir athugasemdir við að ákvörðun bæjarráðs Ölfuss sem tekin var 16. maí sl. var ekki kynnt Sorpstöð Suðurlands fyrir en með bréfi mótteknu 29. maí sl. eða tveimur dögum áður en sveitarfélagið hyggst leggja dagsektir á fyrirtækið.*

*Stjórnin felur Óskari Sigurðssyni, lögmanni að kæra umrædda ákvörðun bæjarráðs Ölfuss til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála.*

*Jafnframt lýsir stjórnin yfir vonbrigðum sínum með ákvörðun bæjarráðs þar sem stjórnin ásamt þeim sérfræðingum sem að málinu hafa komið, er þeirrar skoðunar að starfsemin sé í samræmi við skipulag svæðisins og starfsleyfi stöðvarinnar.*

*Einnig hefur stjórnin margítrekað leitað eftir samvinnu við sveitarfélagið um að útfæra skipulagið þannig að starfsemin verði í sem bestri sátt við umhverfið”*

- 2. Málefni Plastmótunar ehf.**

Rætt um beiðni fyrirtækisins um að Sorpstöðin komi að fjárhagslegri endurskipulagningu þess með kaupum á hlutafé.

Málinu vísað til aðalfundar Sorpstöðvar Suðurlands. Framkvæmdastjóra falið að afla frekari upplýsinga um málið.

**3. Aðalfundur Sorpstöðvar Suðurlands 2002.**

Samþykkt að halda aðalfund 23. ágúst nk. kl. 14:00.

**4. Rætt um málefni Kjötmjöls ehf.**

Fyrirhugað að halda aðalfund fyrirtækisins seinni hluta júnímánaðar.

Fundi slitið kl. 14:45

Karl Björnsson  
Ágúst Ingi Ólafsson  
Þorvarður Hjaltason